

266. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 2. maí 2023 og hófst hann kl. 18:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss.

Fundargerð ritaði: Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

- 1. 2104149 - Grunnskólalóðir - endurgerð (Brekubæjarskóli - Grundaskóli)**
Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri fór yfir tilboð í framkvæmdir á grunnskólalóðum. Eitt tilboð barst frá Bergþór ehf. kr. 50.891.700,-
Kostnaðaráætlun var kr. 29.295.800,-
Skipulags- og umhverfisráð hafnar tilboði frá Bergþór ehf. í framkvæmdir á grunnskólalóðum. Ásbirni Egilssyni verkefnastjóra falið að vinna málið áfram.
- 2. 2304041 - Jaðarsbakkar - viðhald sundlaugar 2023**
Minnisblað vegna lagfæringar á sundlaugarkari lagt fram.
Skipulags- og umhverfisráð þakkar Ásbirni fyrir greinargóða kynningu og felur honum að klára útfærslu vegna viðgerðar á sundlaugarkanti og undirbúa framkvæmdir sumarið 2024.
- 3. 2104080 - Flóahverfi - gatnagerð**
Farið yfir tilboð í gatnagerð í Flóahverfi.
Tvö tilboð bárust í verkið:
Borgarverk ehf. kr. 826.040.942,-
Þróttur ehf. kr. 835.738.899,-
Kostnaðaráætlun verkkaupa var kr. 1.026.000.000,-
Skipulags- og umhverfisráð felur Lárusi Ársælssyni umhverfisstjóra að yfirfara tilboðin í samvinnu við Veitur.
- 4. 2304131 - Jörundarholt 15 - umsókn til skipulagsfulltrúa grenndarkynning**
Umsókn um byggingarleyfi fyrir Jörundarholt 15, lóðin er á ódeilskipulögðu svæði. Sótt um tengibyggingu milli einbýlishúss og bílskúrs við Jörundarholt 15, stækkun 7,1 m².

Umsóknin var grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 21. mars til 20. apríl 2023. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum Jörundarholts 13,11,17.
Engar athugasemdir bárust, en eigendur Jörundarholts 11 og 13 sendu inn samþykki fyrir framkvæmdunum.
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja áform um

*byggingarleyfi sbr. grenndarkynningu.
Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni skal lóðarhafi bera.*

5. 2207007 - Deiliskipulag Breiðarsvæði - Bárugata 15, breyting

Umsókn Múrverk RG ehf. um breytingu á deiliskipulagi Breiðarsvæðis, lóðina Bárugötu 15. Í tillögunni felst að breyta húsnæði að hluta til í fjölbýlishús með 8 íbúðum, húsið verður hækkað í fjórar hæðir. Nýtingarhlutfall lóðar verður 1,6.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi Breiðarsvæði - Bárugötu 15, verði auglýst í samræmi við 1.mgr. 43.gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. 2304130 - Reynigrund 45 - umsókn til skipulagsfulltrúa grenndarkynning

Umsókn Benedikts Ö. Eymarssonar varðandi Reynigrund 45, en lóðin er á ódeiliskipulögðu svæði. Sótt er um að stækka húsið á tveimur stöðum, anddyri og baðherbergi um 16,4 m² nýtingarhlutfall fer úr 0,29 í 0,31. Einnig er sótt um breytingu á útliti húss þar sem klæða á hluta hússins með sléttri álklæðningu, ásamt því að bæta við opnanlegum fögum á norðaustur hlið hússins.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að umsóknin verði grenndarkynnt, skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum Reynigrundar 1, 3, 5, 42, 43, 44, 46 og 47.

7. 2210031 - Kalmansvellir 4b - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn ISH ehf um breytingar á skipulagi Smiðjuvalla. Sótt er um að skilgreina byggingarreit fyrir 600 m² atvinnuhúsnæði, nýtingarhlutfall helst óbreytt. Sex bílastæðum verður komið fyrir á innan lóðar eða 1 bílastæði á 100 m², aðkoma að lóð helst óbreytt. Hámarkshæð nýbyggingar verður 8,0 m.

Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að ræða við lóðarhafa vegna fjarlægðar byggingarreits frá lóðarmörkum.

8. 2211144 - Deiliskipulag Suðurgata 22 - Nýtt

Umsókn Þóru Emilíu Ármannssdóttur f.h. eiganda fyrir Suðurgötu 22 um nýtt deiliskipulag Suðurgötu 22. Sótt er byggingu íbúðarhús á tveimur hæðum ásamt rishæð. Hámarksfjöldi íbúða verði 4 íbúðir, nýtingarhlutfall lóðar verði 0,75. Heildar byggingarmagn á lóð verði 420 m² og hámarkshæð húss verði 9,0 m. Gert er ráð fyrir fjórum bílastæðum innan lóðar eða eitt bílastæði á íbúð.

Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að halda vinnslu málsins áfram.

9. 2304047 - Vegagerðin 2023

Minnisblað um vegamál á Akranesi til Vegagerðarinnar lagt fram vegna forgangsroðunar í samgönguáætlun fyrir sveitarfélagið.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi minnisblað til Vegagerðarinnar.

10. 2304154 - Deiliskipulag Jaðarsbakkar

Drög að skipulagslýsingu fyrir aðal- og deiliskipulagsbreytingu á Jaðarsbökkum lögð fram til kynningar.

Drög að skipulagslýsingu lögð fram.

11. 2304057 - Grenndargámar á safnasvæði

Á fundi sínum 17.04.2023 var eftirfarandi bókun skráð í Menningar- og safnanefnd: "Menningar- og safnanefnd telur staðsetningu grenndargáma við safnasvæðið geta skaðað ímynd svæðisins og telur æskilegt að finna þeim nýjan stað. Mikilvægt er að hugað sé að örari tæmingu gámanna á meðan þeir eru staðsettir á safnasvæðinu til að gæta að ásýnd svæðisins. Menningar- og safnanefnd vísar málinu til afgreiðslu í skipulags- og umhverfisráði. Samþykkt 5:0"

Skipulags- og umhverfisráð leggur áherslu á að núverandi staðsetningar grenndarstöðva eru til reynslu og er endanlegum frágangi grenndarstöðva ólokið. Hugað verður að örari tæmingu grenndarstöðvarinnar og felur skipulags- og umhverfisráð Lárusi Ársælssyni umhverfisstjóra að skoða staðsetningar fyrir grenndarstöðvar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30.